# 129 Ó, höfuð dreyra drifið




5. Ég vil þar vera hjá þér
er veit ég píndan þig
og eigi fara frá þér.
Æ, fyrirlít ei mig.
Er dauðans svefn fær sigið
á signað auga þitt
ég vil þitt höfuð hnigið
við hjartað leggja mitt.

6. Af hjarta þér ég þakka
að þyngstan kvaladeyð
þú ljúft þér lést að smakka
svo leystir mig úr neyð.
Lát, Kristur kærleiksríkur,
ei kulna trú hjá mér
en loks er ævi lýkur
mig lát þú deyja’ í þér.

**T** Arnulf frá Louvain fyrir 1250 – Paul Gerhardt 1656 – Helgi Hálfdánarson – Sb. 1886
**L** Hans Leo Hassler, 1601 – Sb. 1871
**R** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936